

Lyfjastefna til ársins 2020 ásamt aðgerðaáætlun til ársloka 2013

Framtíðarsýn:

**Tryggja aðgengi að réttri meðferð sem
gagnast sjúklingi og samfélagi**

Velferðarráðuneytið

Júní 2012

Efnisyfirlit

Ásættanlegt aðgengi að nauðsynlegum lyfjum og/eða meðferð.....	3
Starfsmarkmið 1: Úrval lyfja á markaði sambærilegt og á öðrum Norðurlöndum	3
Starfsmarkmið 2: Aðgengi að jurtalyfjum og heildrænni meðferð verði sambærileg og á Norðurlöndunum fyrir árslok 2015.	3
Starfsmarkmið 3: Stuðla að jöfnu aðgengi allra þjóðfélags hópa að lyfjum	3
Hagkvæmni og skilvirkni í allri umsýslu lyfja	4
Starfsmarkmið 1: Bæta skilvirkni meðal annars með skipulagsbreytingum og aukinni notkun verkferla og gæðavísa.....	4
Starfsmarkmið 2: Stuðla að skynsamlegri ávísun/notkun lyfja (SÁN)	4
Starfsmarkmið 3: Innleiða notkun samheita í lyfjafyrirmælum fyrir árslok 2015	4
Öryggi og heilsa sjúklinga og gæði þjónustu	5
Starfsmarkmið 1: Hefja innleiðingu lyfjafræðilegrar umsjár og skilgreina þátttöku lyfjafræðinga í forvörnum og heilsueflingu	5
Starfsmarkmið 2 : Gerðar verði tillögur til að draga úr ofnotkun/misnotkun lyfja	5
Starfsmarkmið 3: Stuðla að auknum gæðum í lyfjaumsýslu	5
Kennsla, fræðsla, rannsóknir, upplýsingar og þróun.....	6
Starfsmarkmið 1: Tryggja aðgengi að heildstæðum og réttum upplýsingum	6
Starfsmarkmið 2: Efla og styðja við rannsóknir og nýsköpun (í lyfjamálum)	6
Starfsmarkmið 3: Auka þekkingu á skynsamlegri notkun lyfja, jurtalyfjum, náttúruvörum og heildrænum meðferðum	6

Skýringar skammstafana:

BIG: Bandalag íslenskra græðara

EL: Embætti landlæknis

HÍ: Háskóli Íslands

HH: Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

LSH: Landspítali

LFÍ: Lyfjafræðingafélag Íslands

LGN: Lyfjagreiðslunefnd

LST: Lyfjastofnun

MRN: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

SÍ: Sjúkratryggingar Íslands

SÓTT: Sóttvarnarlæknir

VEL: Velferðarráðuneyti

Ásættanlegt aðgengi að nauðsynlegum lyfjum og/eða meðferð

Starfsmarkmið 1: Úrval lyfja á markaði sambærilegt og á Norðurlöndum.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Samheitalyfjum fjölgað um 10%, m.a. með því að fá Danmörku til að samþykkja svo kallaðan 0 daga feril.	Árslok 2013	VEL LST
Skilgreint verði í reglugerð hverjar séu neyðarlyfjabirgðir á Íslandi og gerður samningur um hvar slíkar birgðir séu staðsettar og magn þeirra.	Árslok 2012	VEL SÓTT
Fjöldi lyfjapakkinga verði 40% af meðalfjölda lyfjapakkinga í Evrópu í samstarfi við lyfjafyrirtæki.	Árslok 2013	VEL LST

Starfsmarkmið 2: Aðgengi að jurtafjum og heildrænni meðferð verði sambærilegt og á Norðurlöndum fyrir árslok 2015.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Þverfaglegur starfshópur verði settur á fót til að gera samanburð á vinnu- og lagaumhverfi þeirra sem stunda heildrænar meðferðir og aðgengi að jurtafjum og náttúruvörum. Hópurinn skili tillögum að aðgerðum.	Árslok 2013	VEL BIG, LST, EL

Starfsmarkmið 3: Stuðla að jöfnu aðgengi allra þjóðfélagshópa að lyfjum.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Starfshópur skilgreini mælikvarða til að fylgjast með jöfnuði í aðgengi að lyfjum.	Júní 2013	VEL HÍ, EL
Innleiðing nýs greiðsluþátttökukerfis sem stuðlar að auknum jöfnuði milli sjúklingahópa.	2013	VEL

Hagkvæmni og skilvirkni í allri umsýslu lyfja

Starfsmarkmið 1: Bæta skilvirkni meðal annars með skipulagsbreytingum og aukinni notkun verkferla og gæðavísa.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Allar stofnanir sem koma að umsýslu með lyf séu virkir þátttakendur í framkvæmd lyfjastefnu yfirvalda með því að skilgreina eigin aðkomu og ábyrgð við stefnuna.	Júní 2013	VEL
Allar stofnanir sem koma að einhverri umsýslu með lyf endurskoði, einfaldi og/eða innleiði a.m.k. tvo aðalverkferla í umsýslu hjá sér.	Árslok 2013	VEL
Starfshópur undirbúi og innleiði nýtt verklag í umsýslu leyfisskyldra lyfja (áður S-merktra lyfja).	Mars 2013	LGN LSH, SÍ

Starfsmarkmið 2: Stuðla að skynsamlegri ávísun/notkun lyfja (SÁN).

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Öll hjúkrunarheimili og sjúkrahús taki upp 2–4 mælikvarða til að fylgjast með og tryggja skynsamlega lyfjanotkun, sbr. lyfjagæðavísa Embættis landlæknis.	Árslok 2013	EL
Læknar fái með aðgengilegum hætti upplýsingar um verð og greiðslupátttöku lyfja (hagstæðasta val) í gegnum sjúkraskrárkerfi þegar þeir ávísa lyfjum.	Júní 2013	EL
Sí standi fyrir átaki í kynningu á réttindum sjúkratryggðra fyrir bæði sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk.	Árslok 2013	SÍ

Starfsmarkmið 3: Undirbúa hugsanlega notkun samheita í lyfjafyrirmælum fyrir árslok 2015.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Starfshópur skoði og meti kosti og galla við notkun samheita í stað sérheita við lyfjafyrirmæli lækna. Hópurinn skili tillögum um undirbúning og innleiðingu ef það er niðurstaðan að rétt sé að taka upp notkun samheita.	Árslok 2013	VEL EL, LST, LSH

Öryggi og heilsa sjúklinga og gæði þjónustu

Starfsmarkmið 1: Hefja innleiðingu lyfjafræðilegrar umsjár og skilgreina þátttöku lyfjafræðinga í forvörnum og heilsuefningu.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Vinnuhópur skipaður sem gerir áætlun um innleiðingu lyfjafræðilegrar umsjár og þátttöku lyfjafræðinga í forvörnum og heilsuefningu.	Árslok 2013	VEL EL, LFÍ

Starfsmarkmið 2 : Gerðar verði tillögur til að draga úr ofnotkun/misnotkun lyfja.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Til að draga úr notkun metýlfenídats meðal fullorðinna verði sett á fót ADHD-göngudeild á Landspítala.	Árslok 2013	VEL LSH, EL
Starfshópur (þverfaglegur) semji tillögur til að draga úr svefnlyfjanotkun (notkun benzódíazepín lyfja).	Árslok 2013	VEL EL, HH
Starfshópur (þverfaglegur) semji tillögur til að draga úr verkjalyfjanotkun.	Árslok 2013	VEL EL, HH, LSP
Skilgreindir verði mælikvarðar er varða fjöllyfjanotkun. Í framhaldinu verði settur á fót starfshópur til að gera aðgerðaáætlun til að draga úr fjöllyfjanotkun.	Árslok 2013	EL SÍ

Starfsmarkmið 3: Stuðla að auknum gæðum í lyfjaumsýslu.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Stofnanir og fyrirtæki sem koma að umsýslu með lyf skilgreini og innleiði 2–4 gæðavísa sem mælikvarða á gæði lyfjameðferðar eða gæði þjónustu sem veitt er.	Árslok 2013	VEL EL, LST
Starfshópur skilgreini hvaða mælikvarða stjórnvöld ætli að fylgjast reglulega með, sbr. félagsvísa, til að meta til dæmis jöfnuð, aðgengi, gæði þjónustu og lyfjameðferða.	Júní 2013	VEL
EL skilgreini og innleiði verklag við eftirlit með lyfjanotkun bæði á stofnunum og utan þeirra.	Árslok 2013	EL
LGN endurskoði smásöluálagningu lyfja m.t.t. reksturs og þjónustu lyfjabúða og skilgreini hvaða þjónustu ríkið vill kaupa af lyfjabúðum.	Júní 2013	LGN

Kennsla, fræðsla, rannsóknir, upplýsingar og þróun

Starfsmarkmið 1: Tryggja aðgengi að heildstæðum og réttum upplýsingum.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Almenningur fái aðgang að eigin heilsufars- og kostnaðarupplýsingum á einum stað, með tryggum hætti.	Árslok 2013	EL SÍ
Læknar fái aðgang að persónugreinanlegri miðlægri lyfjasögu og að lyfseðlagátt og EL geri áætlun um aðgang annarra heilbrigðisstétta.	Árslok 2012	EL
Starfshópur á vegum EL skilgreini ábyrgð og verkaskiptingu um vinnslu og birtingu lyfjaupplýsinga.	Júní 2013	EL
Starfshópur vinni að innleiðingu rafrænna lyfseðla í apótekum, þ.e. að ekki þurfi að prenta út lyfseðla við afgreiðslu.	Árslok 2012	EL LST
Upplýsingar um alla afgreidda lyfseðla og notkun allra lyfseðilsskyldra lyfja á stofnunum verði í lyfjagagnagrunni EL.	Júní 2013	EL SÍ

Starfsmarkmið 2: Efla og styðja við rannsóknir og nýsköpun (í lyfjamálum).

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Starfshópur geri samanburð við önnur lönd og setji fram áætlun um hvernig yfirvöld geti stutt við rannsóknir og þróun.	Árslok 2013	HÍ

Starfsmarkmið 3: Auka þekkingu á skynsamlegri notkun lyfja, jurtalyfjum, náttúruvörum og heildrænum meðferðum.

Aðgerð	Markmið	Ábyrgð Framkvæmd
Skipulögð fræðsla/kennsla verði tekin upp við háskólastofnanir um skynsamlega notkun lyfja og annarra meðferða til að bæta heilsu.	Árslok 2013	VEL MRN
Starfshópur komi með tillögur um fyrirkomulag og staðsetningu kennslu um jurtalyf og heildrænar meðferðir fyrir heilbrigðisstarfsfólk.	Árslok 2013	VEL